# Stoðþjónusta í nýjum lögum

Kristín Björnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands

## Skilgreining skv. lögum

*Stoðþjónusta:* Margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs, veitt á grundvelli laga þessara, sem byggist m.a. á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

- Á að uppfylla þarfir til sjálfstæðs heimilishalds, samfélagslegrar þátttöku, hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, sérhæfðrar ráðgjafar, félagslegs stuðnings, félagslegs samneytis, ástundunar tómstunda og menningarlífs (Rúnar Björn Herrera Þorkelsson).

Mismunandi eftir kerfum:

- Stoðþjónusta er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Stoðþjónusta getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi kennslu eða annað er snýr að nemendum. Helstu verkefni stoðþjónustu snúa þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.
- Einnig sjáum við (HH) um sérþjónustustöðvarnar: Heimahjúkrun í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi .Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsuteymi HH austur, Geðheilsuteymi HH vestur, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu auk stoðþjónustu á skrifstofu

## 8. gr stoðþjónusta

- Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir:
  - Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
  - Þarfir fatlaðra einstaklinga til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
  - Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómstunda og menningarlífs.
  - Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
  - Þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

## Sveitarfélög

Sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfa saman á þjónustusvæði skulu reka þjónustustofnanir til að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum ef ekki er mögulegt að veita þjónustuna í almennum úrræðum með viðeigandi aðlögun. Þeim er heimilt að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða leggja niður starfsemi þeirra. Sé það mat sveitarfélags að ekki sé þörf fyrir þjónustustofnun eða sérúrræði er heimilt að leggja starfsemina niður að fenginni umsögn ráðherra. Sveitarfélag skal afla umsagnar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og eftir atvikum notendaráðs í viðkomandi sveitarfélagi áður en ákvörðun er kynnt ráðherra sem skal innan fjögurra vikna meta hvort hann leggist gegn lokun.

Félagasamtök, sjálfseignarstofnun eða annar einkaaðili sem vill hefja eða taka við þjónustuþætti samkvæmt þessari grein skal áður afla starfsleyfis skv. 7. gr.

## Vestfirðir og vesturland










Norðurland vestra, Eyjafjörður og Norðurland eystra

# Austurland og Suðauðsturland













# Suðurland og suðurnes

# Höfðuborgarsvæðið



## Notendasamningar

- Markmið notendasamninga er að auka val einstaklinga um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings eða aðstoðar, að undangengnu faglegu mati.
- Einstaklingar eða barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir aðstoð eða stoðþjónustu geta sótt um að gera notendasamning þar sem fjallað er um framkvæmd stoðþjónustunnar.





## Félagsleg liðveisla

- Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem er ætlað að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi.
- Liðveisla er veitt fötluðum börnum frá 6 ára aldri, sem og fullorðnu fötluðu fólki.



## Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

- Heilbrigðisstarfsfólk og ófaglært starfsfólk starfar á heimilum fatlaðs fólks
- *Þjónusta á heimilum fatlaðs fólks:* Stuðningur eða aðstoð við fatlað fólk til þess að það geti lifað eðlilegu lífi til jafns við aðra og tekið þátt í samfélaginu.
- Fatlað fólk sem hefur þörf fyrir viðvarandi og fjölbreytilegan stuðning á rétt á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir það. Gerð slíkrar áætlunar skal vera á ábyrgð þeirra sem sjá um framkvæmd þjónustunnar.



## Atvinnumál

- Kostnaður vegna þjónustu Vinnumálastofnunar og vinnumarkaðsúrræða á vegum hennar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal sérstakur stuðningur við atvinnuleitendur og eftirfylgni, svo sem kostnaður vegna vinnusamninga öryrkja, en kostnaður vegna vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun greiðist af sveitarfélögum, þar á meðal stoðþjónusta skv. 8. gr.
- Atvinna með stuðning og vinnusamningar hjá Vinnumálastofnun
- Sveitarfélög reka hæfingastöðvar og verndaða vinnustaði

## Að lokum

- Fjölskyldur fatlaðra barna og fatlað fólk segja erfitt að gera sér grein fyrir hver réttur þeirra er
- Orðrómur um að sveitarfélög séu misvel í stakk búin að veita þjónustu
- Á ábyrgð starfsfólk sveitarfélaga og heilbrigðisstarfsfólks að veita upplýsingar og að fylgja þessum lögum
- Mikilvægt að starfsfólk sé upplýst um skyldur sínar